

Arctic Smolt hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafirði

Reykjavík, 22.10.2024
UST202401-243/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 24.9.2024 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Arctic Smolt, Norður-Botni, Tálknafirði þann 27.8.2024. Í eftirlitinu voru skráð þrjú frávik og fjallað var um tvö eldri opin frávik. Einu eldra frávikinu var lokað í bréfinu. Þann 4.10.2024 var gögnum, sem stofnunin fór fram á, skilað og þann 21.10.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Opið eldra frávik er eftirfarandi:

- Frárennislögnum skal veitt minnst fimm metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöru eða tuttugu metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Framkvæmdum við frárennsli frá stöðinni er ekki lokið. Rekstraraðili hefur unnið eftir samþykktri úrbótaáætlun. Úrbótum átti að ljúka á árinu 2023 og var því farið fram á nýja úrbótaáætlun varðandi frávikið.

Rekstraraðili hefur til skoðunar útfærslu á frárennsli sem á að vera tilbúin til afhendingar fyrir áramót. Frágangur og uppsetning taki einn og hálfan mánuð. Rekstraraðili áætla verklok á fyrsta ársfjórðungi 2025.

Frávik skráð í eftirliti 2024 eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Ársyfirliti var skilað þann 4. október 2024.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Útstreymisbókhaldi var skilað þann 4. október 2024.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Tromlusía í húsi 1 er biluð og er því frárennslisvatn ekki hreinsað á fullnægjandi hátt.

Samkvæmt úrbótaáætlun var ný tromla pöntuð í lok september og er afhendingartími áætlaður 10-12 vikur. Eftir það þarf að koma henni fyrir. Rekstraraðili áætlar verklok á fyrsta ársfjórðungi 2025.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur